



Fundargerð

33. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í A-fundarsal ÍSÍ fimmtudaginn 1. mars 2018.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fríða Rún Þórðardóttir, Lóa Björk Hallsdóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir og Gunnar Svavarsson. Forföll: Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 17:00 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 32. fundar staðfest milli funda. Staðfest val á fulltrúum í væntanlega starfshóp um Laugardalsvöll og staðfest val þátttakenda á vetrarkastmót í Leira.

2. FRÍ þing

Stjórn FRÍ fór yfir skipulagsmál vegna þingsins, tímasetningar og annan undirbúning s.s. ársskýrslu, ársreikning og leiðir til að gera þingið sem mest rafrænt.

Upplýsingar voru sendar út, ítrekanir til aðildarféлага, eftir síðasta stjórnarfund. Nefndir eru að skila upplýsingum inn í ársskýrslu. Laga- og reglugerðarbreytingar að koma fram, síðusti skiladagur um helgina. Farið yfir póst frá langhlaupanefnd. Farið yfir tillöguskipan í starfsnefndir þingsins og þingforseta. 23 dagar til stefnu.

3. Siðareglur og siðamál

Rætt um erindið sem sent var til ÍSÍ og mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá FRÍ. Varaformaður greindi frá stöðu vinnuskjalsins. Tillaga kom upp að ræða málið sérstaklega í hádegiserindni á laugardegi á FRÍ þinginu. Mikilvægt að ÍSÍ varði leiðina sbr. skipan fulltrúa ÍSÍ í starfshóp mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

4. Fjármál

Gjaldkeri greindi frá stöðu ársuppgjörs sbr. umræður undir liðnum FRÍ þing.

5. Starfsmannamál

Formaður greinir frá því að komið hafi á þriðja tug umsókna um starf verkefnastjóra. Unnið er úr umsóknum.

6. RIG

Rætt um tímasetningu á RIG 2019 sbr. erindi ÍBR um að aðstaðan sé ekki klár fyrr en seint á föstudeginum 1. feb. 2019 vegna ferðakaupstefnu Ícelandair. FRÍ áréttar mikilvægi þess að frjálsíþróttahúsið sé bráðnauðsynlegur og mikilvægur hluti af uppbyggingu frjálsíþróttar. Formanni falið að ræða málið við ÍTR og ÍBR í tengslum við aðstöðumál. Stjórnin almennt á því að þrátt yfir þessa röskun sé betra að halda sig enn við laugardaginn 2. feb. fyrir RIG og leita lausna vegna m.a. undirbúnings keppenda.

7. Þjóðarleikvangur í Laugardal

Erindi FRÍ var tekið fyrir í borgarráði þar sem borgarráð lýsir yfir stuðning við óskir FRÍ um þjóðarleikvang í Laugardal. Upplýsingar hafa borist um að mennta- og menningarmálaráðuneytið styðji að settur verði saman starfshópur til að fara yfir málið. Málið í vinnslu. Formaður greindi frá fundi með aðildarfélögum innan íþróttahreyfingarinnar sem nýta Laugardal sem sitt heimasvæði.

8. Önnur mál

- Engin önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið með því að formaður áréttaði yfirferð á tillöguskjali, nákvæmlega kl.18:47.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.